

59 Breyta skal árlega váttryggingarverði húsa til samræmis við vísitölu byggingar-
24. apríl kostnaðar.

4. gr.

Iðgjöld af húseignum í skyldutryggingu hvíla sem lögveð á eignunum sjálfum og ganga í tvö ár fyrir öllum öðrum skuldbindingum, sem á þeim hvíla, nema sköttum til ríkissjóðs.

Séu gjöldin eigi greidd innan sex mánaða frá gjalddaga, er heimilt að láta selja hina váttryggðu eign á uppboði, án undanfarins dóms, sáttar eða lögtaks, en tilkynna skal váttryggjanda í ábyrgðarbréfi eða á annan öruggan hátt, að sölu hafi verið beiðzt. Á sama hátt skal uppboðshaldari aðvara eiganda með tveggja vikna fyrirvara, áður en hann sendir söluauglýsingu til birtingar.

Uppboðið skal auglýst einu sinni í Lögbirtingablaðinu. Má sala ekki fara fram fyrr en 6 vikum eftir birtingu auglýsingarinnar.

Virðingargjöld má heimta með lögtaki.

5. gr.

Sameinað Alþingi kýs hlutfallskosningu fimm manna nefnd til þess að endurskoða lög um Brunabótafélag Íslands og önnur lagafyrirmæli um brunamál utan Reykjavíkur. Nefndin kýs sér formann og skal í starfi sínu hafa samráð við forstjóra Brunabótafélags Íslands. Nefndin skal ljúka störfum það snemma, að unnt verði að leggja frv. um þetta efni fyrir næsta reglulegt Alþingi.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 24. apríl 1954.

Ólafur Thors. Jörundur Brynjólfsson. Árni Tryggvason.
(L. S.)

Steingrímur Steinþórsson.

60

24. apríl

L Ö G

um heimild handa ríkisstjórninni til öflunar lánsfjár til smáíbúðabygginga.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka að láni allt að 20 milljónum króna innanlands og endurlána fé þetta lánadeild smáíbúðarhúsa með sömu kjörum og lánið er tekið.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 24. apríl 1954.

Ólafur Thors. Jörundur Brynjólfsson. Árni Tryggvason.
(L. S.)

Skúli Guðmundsson.